

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 2002

21. mars 2002

561

Nr. 220

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands.

1. gr.

	kr.
Heimsóknargjald vegna sæðinga:	700
Gjald fyrir sæðingu hjá skýrsluhöldurum:	1.300
Gjald fyrir sæðingu hjá þeim sem ekki eru í skýrsluhaldi:	1.750
Gjald fyrir sæðingu hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu:	4.200
Gjald fyrir sæði úr holdanautum:	1.200
Bókhald – grunngjald fyrir $\frac{1}{2}$ ár:	7.000
Sértækar leiðbeiningar og vinna við bókhald fyrir félagi í búnaðarfélagi:	2.800 kr./klst.
Sértækar leiðbeiningar og vinna við bókhald fyrir bændur á starfssvæði	
B.V. utan búnaðarfélaga:	3.200 kr./klst.
Árgjald Betri bú, fyrsta búskaparár frítt:	15.000 kr./ár
Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur á starfssvæði B.V.	6.000 kr./klst.
Almennar leiðbeiningar, fyrir bændur á starfssvæði B.V.	0

Þeir sem sæða allar kýr og kvígur fá unna nautavals áætlun án aukagjalds. Fyrsta búskaparár verði gjaldfrjálst í verkefninu Betri bú.

Heimsóknargjald verður innheimt við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga og á það einnig við hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og þegar notað er holdanautasæði.

Innheimt er gjald af mjólkurframleiðendum 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma.

2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 854/2001 fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. mars 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk,
markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.**

1. gr.

Ný 14. gr. orðast svo:

Landbúnaðarráðherra getur að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, veitt undanþágu frá litarmerkingu búfjár séu sérstakar aðstæður fyrir hendi.

2. gr.

14. gr. reglugerðar nr. 200/1998 verður 15. gr.

3. gr.

Reglugerð, þessi sem sett er skv. heimild í XI. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. mars 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.